

Fundargerð 860. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2018, föstudaginn 18. maí kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Eiríkur Björn Björgvinsson, Skúli Helgason, Gunnar Axel Axelsson, Jónína Erna Arnardóttir, Halla Sigríður Steinólfsdóttir í símasambandi, Gunnar Einarsson, Sigurður Björn Blöndal, Aldís Hafsteinsdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Gunnhildur Ingvarsdóttir boðaði forföll og varamaður hennar hafði ekki tök á að mæta.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 859. fundar - 1710022SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 859. fundar stjórnar sambandsins frá 27. apríl 2018.

Fundargerðin staðfest og undirrituð.

2. Fundir Jónsmessunefndar - 1801015SA

Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 26. apríl 2018.

3. Skipulagsmálanefnd sambandsins - 1511036SA

Lögð fram fundargerð 31. fundar skipulagsmálanefndar sambandsins frá 4. maí 2018.

4. Skólamálanefnd sambandsins - 1601009SA

Lögð fram fundargerð 113. fundar skólamálanefndar sambandsins frá 14. maí 2018.

Eiríkur Björn Björgvinsson kom inn á fundinn kl. 12:30.

5. Kjarasamningar 2018 - 1803041SA

Lagður fram til staðfestingar kjarasamningur milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, dags. 9. maí 2018, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila, ásamt kynningu á samningnum.

Jónína Erna Arnardóttir vék af fundi undir þessum lið sökum vanhæfis.

Stjórn Samband íslenskra sveitarfélaga samþykkir kjarasamning milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, dags. 9. maí 2018.

6. Móttaka flóttamanna - 1609015SA

Lagt fram til kynningar minnisblað framkvæmdastjóra sambandsins til félags- og jafnréttismálaráðherra, dags. 14. maí 2018, um samræmt móttökuférlu fyrir allt flóttafólk.

7. Ársskýrsla Sambands íslenskra sveitarfélaga 2017 - 1803014SA

Lögð fram til kynningar ársskýrsla Sambands íslenskra sveitarfélaga 2017.

8. Umleitun Kínversku vináttusamtakanna um samstarfstengsl - 1711016SA

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 7. maí 2018, um umleitun Kínversku vináttusamtakanna um samstarfstengsl.

9. Tilnefning í Loftslagsráð - 1804031SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 26. apríl 2018, þar sem Hrönn Hrafnadóttir, verkefnisstjóri stefnumótunar og þróunar hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, og Ragnar Frank Kristjánsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs Borgarbyggðar, eru tilnefnd í Loftslagsráð.

10. Tilnefning í Fagstaðlaráð í upplýsingatækni, FUT - 1804024SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Staðlaráðs Íslands, dags. 27. apríl 2018, þar sem Vala Dröfn Hauksdóttir, deildarstjóri tölvudeildar Garðabæjar, er tilnefnd í Fagstaðlaráð í upplýsingatækni, FUT.

11. Tilnefning í starfshóp um málefni fanga - 1805001SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 14. maí 2018, þar sem Sigrún Þórarinsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd í starfshóp um málefni fanga, og Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.

12. Umsögn um endurskoðuð drög að reglugerð um fráveitur og skólp - 1611011SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 24. apríl 2018, um endurskoðuð drög að reglugerð um fráveitur og skólp.

13. Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um Viðlagatryggingu Íslands - 1804037SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 26. apríl 2018, um frumvarp um breytingu á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, 388. mál.

14. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2019-2023 - 1804011SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 27. apríl 2018, um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2019-2023, 494. mál.

- 15. Umsögn um breytingar á lögum um húsnæðismál - 1804038SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 30. apríl 2018, um breytingar á lögum um húsnæðismál, 469. mál.
- 16. Umsögn um frumvarp til laga um Ferðamálastofu - 1804019SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 30. apríl 2018, um frumvarp til laga um Ferðamálastofu, 485. mál.
- 17. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi - 1802002SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til nefndasviðs Alþingis, dags. 30. apríl 2018, um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl.), 457. mál.
- 18. Umsögn um breytingar á lögum vegna dvalarrýma og dagdvalar - 1804014SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 2. maí 2018, um breytingar á lögum vegna dvalarrýma og dagdvalar, 426. mál.
- 19. Umsögn um þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun 2018-2024 - 1804030SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til nefndasviðs Alþingis, dags. 3. maí 2018, um þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024, 480. mál.
- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumarkandi landsáætlun um**
- 20. uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018-2029 - 1804029SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 4. maí 2018, um þingsályktunartillögu um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018-2029, 479. mál.
- 21. Umsögn um frumvarp um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum - 1605107SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 4. maí 2018, um frumvarp um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum, 467. mál.
- 22. Umsögn um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða - 1705024SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til nefndasviðs Alþingis, dags. 4. maí 2018, um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða, 425. mál.
- 23. Framlenging á bráðabirgðaákvæði um rafræna íbúakosningu og gerð rafrænnar kjörskrár - 1805013SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 15. maí 2018, um framlengingu á bráðabirgðaákvæði um rafræna íbúakosningu og gerð rafrænnar kjörskrár.

24. Framlag vegna skuggakosninga - 1709029SA

Lagt fram bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 30. apríl 2018, um framlag vegna skuggakosninga, ásamt beiðni sambandsins, dags. 26. mars 2018, um styrk vegna verkefnisins. Einnig lögð fram bókun frá Langanesbyggð, dags. 17. maí 2018, vegna framkvæmdar utankjörfundaratkvæðagreiðslna.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga gerir þá kröfu til dómsmálaráðuneytisins og sýslumannsembættta að þau tryggi að skipulag utankjörfundaratkvæðagreiðslu henti íbúum í hverjum landshluta án þess að þeir þurfi að ferðast um langan veg. Jafnframt þarf að tryggja að sjómenn eigi kost á því að greiða atkvæði utan kjörfundar. Óásættanlegt er að skortur á þjónustu af hálfu sýslumanna verði til þess að draga úr kjörsókn.

Stjórn sambandsins telur mikilvægt að hafnar verði sem fyrst viðræður á milli sambandsins, dómsmálaráðuneytisins, forsætisráðuneytisins, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og Þjóðskrár Íslands um nauðsynlegar úrbætur á kosningalöggjöf og framkvæmd kosninga. Í þeim viðræðum verði sérstaklega horft til þess á hvern hátt sé hægt að auka kosningapátttöku.

25. Greinargerð frá Brussel-skrifstofu - 1601077SA

Lögð fram til kynningar greinargerð forstöðumanns Brussel-skrifstofu sambandsins, dags. 1. maí 2018, um helstu mál á vettvangi ESB og EFTA 2018.

Fundi var slitið kl. 13:20

Halldór Halldórsson

Eiríkur Björn Björgvinsson

Skúli Helgason

Gunnar Axel Axelsson

Jónína Erna Arnardóttir

Halla Sigríður Steinólfsdóttir

Gunnar Einarsson

Sigurður Björn Blöndal

Aldís Hafsteinsdóttir

Ísólfur Gylfi Pálmason

framkvæmdastjóri

ritari



Frá nefndasviði Alþingis - 622. mál til umsagnar - persónuvernd og vinnsla persónuupplýsinga

Bréf: t-póstur

Málsnúmer: R18050256

Bréfalyklar: 175 Lög, reglugerðir, frumvörp sem ekki vistast undir viðkomandi málefni

Eigandi skjals: Fany Larota Catunta

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 30.05.2018

Dagsetning skjals: 30.05.2018

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: "Kristjana Benediktsdóttir" <krb@althingi.is>

Skjalalykill	175 Lög, reglugerðir, frumvörp sem ekki vistast undir viðkomandi málefni	Málsnúmer	R18050256
Móttökudags.	30.05.2018	Skráð í GoPro	30.05.2018

Viðtakandi	Sendandi	
Deild (Ráðhúss)	Fyrirtæki/stofnun	
Starfsmaður	Nafn	
	Kennitala:	
Tegund skjals	t-póstur	Fyrir Borgarráð
Efnisorð		

Sent:

Sent til:

Notandi: "Kristjana Benediktsdóttir" <krb@althingi.is>

Dagsetning: 30.5.2018 10:45:37

Efni: Frá nefndasviði Alþingis - 622. mál til umsagnar - persónuvernd og vinnsla persónuupplýsinga

30. maí 2018

Frá nefndasviði Alþingis.

Til allra sveitarfélaganna og barnaverndarnefnda sveitarfélaganna.

Vinsamlegast komið meðfylgjandi umsagnarbeiðni áfram til barnaverndarnefndanna.

Ágæti viðtakandi.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, 622. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist **eigi síðar en 7. júní nk.** á netfangið nefndasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<http://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni
Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni
www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html

Kveðja,

Kristjana Benediktsdóttir

skjalavörður

skrifstofu Alþingis, nefndasviði

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

sími 563-0433, fax 563-0430

www.althingi.is



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Málsnr. 2180/20046
Skjalasafn Ráðhúss
18. maí 2018
Bréfalykill: 430

Mál nr. R18010046 USK2018020020

Borgarráð

Efni : Lóð leikskólans Garðaborgar, Bústaðavegi 81, 108 Rvk.

Vísað er til erindis foreldra í leikskólanum Garðaborg, dags 9. febrúar 2018, vegna kröfu um tafarlaugar úrbætur á lóð leikskólans.

Í erindinu kemur m.a. fram að útisvæði leikskólans er verulega ábótavant og uppfylli ekki kröfur laga um leikskóla nr. 90/2008.

Umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs:

Reykjavíkurborg lét framkvæma óháða úttekt á ástandi lóða leikskóla borgarinnar árið 2017. Garðaborg er ofarlega á lista yfir lóðir sem þarf að endurhanna og endurnýja. Miðað við fjármagn Reykjavíkurborgar sem er á fjárfestingaráætlun á næstu árum má gera ráð fyrir að endurhönnun lóðarinnar fari fram á árinu 2019 eða 2020. Endurnýjun á lóðinni verður á árinu 2020 eða 2021.

Þar til ráðist verður í endurhönnun og endurnýjun lóðarinnar hefur verið ákveðið að ráðast í neðangreindar framkvæmdir til að bæta ástand lóðarinnar.

- Fjarlægja í maí 2018 þrjú léleg leiktæki, tvö gormatæki, einn kofa og koma fyrir nýju leiktæki í þeirra stað.
- Í maí og júní 2018 verða gróðurbeð, hæðarstallar, kantar og girðingar lagfærð.
- Meðan leiksskólinn lokar frá 11. júlí til 8. ágúst 2018 verður yfirborð á lóðinni metið sérstaklega með tilliti til afvötnunar, drenlagnir á lóð myndaðar, hreinsaðar og lagfærðar til að hindra vatnssöfnun og tryggja eðlilega afvötnun lóðarinnar. Farið verður yfir öryggismöl og kannað hvort myndast hefur þétt leirlag undir mölinni og það fjarlægt ef þörf er á.
- Framkvæmdar verða hefðbundnar rekstrarskoðanir á lóðinni á árinu 2018. Öryggi leiktækja, yfirborðsefna og búnaðar metinn. Komi fram frávik við skoðanir verða viðhlítandi lagfæringar gerðar í kjölfarið

Reykjavík 15. maí 2018

Ólafur Ólafsson
deildarstjóri
Skrifstofu framkvæmda og viðhalds
Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar



30. maí 2018

Bréfalykill: 5760

Reykjavík 11. maí 2018

Tilv. 0.3

GG/gee

Reykjavíkurborg
Helga Björk Laxdal, skrifstofustjóri
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Efni: Aðalfundur Faxaflóahafna sf.

Hér með er boðað til aðalfundar Faxaflóahafna sf. í samræmi við ákvæði sameignarfélagssamnings eigenda fyrirtækisins dags. 17. nóvember 2004. Aðalfundurinn verður í fundarsal 3. hæðar í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 17, Reykjavík, **miðvikudaginn 27. júní n.k. kl. 15:00** og er dagskrá fundarins eftirfarandi í samræmi við 4. grein sameignarfélagssamningsins:

1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag þess og rekstri á liðnu ári.
2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðanda félagsins til samþykktar í samræmi við 6. grein.
3. Hvernig skuli fara með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
4. Ákvörðun skal tekin um þóknun til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á komandi starfsári.
5. Lýst kjöri stjórnar.
6. Kosning löggilts endurskoðanda fyrir félagið í samræmi við 7. grein.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Virðingarfyllst,


Kristín Soffía Jónsdóttir,
formaður hafnarstjórnar


Gísli Gíslason,
hafnarstjóri



Alþingi - nefndasvið

Umsögn Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar - Frumvarp um breytingu laga um Kristnisjód o.fl. nr. 35/1970

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendi beiðni til Reykjavíkurborgar þann 3. maí sl. þar sem óskað var eftir því að veitt yrði umsögn um frumvarp til laga um Kristnisjód ofl. (ókeypis lóðir), 269. mál. Skrifstofa borgarstjórnar sendi umsagnarbeiðni til Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar og Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar.

Greinargerð

Í 5. gr. laga um Kristnisjód ofl. nr. 35/1970 segir að sveitarfélögum kaupstaða og kauptúna sé skylt að leggja til ókeypis lóðir lóðir undir kirkjur og undanskilja þær gatnagerðargjaldi. Í greinargerð með nýju frumvarpi segir að nýleg dæmi séu þess að sveitarfélög hafi litið svo á að á grundvelli jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar beri þeim einnig að leggja til ókeypis lóðir undir sambærilegt húsnæði til annarra trúfélaga. Reykjavíkurborg hefur á undanförunum árum úthlutað fjórum lóðum til trúfélaga og hefur í þeim tilvikum nýtt sérstaka lækkunarheimild í 9. gr. samþykktar um gatnagerðargjald í Reykjavíkurborg nr. 725/2007, sbr. samþykkt nr. 311/2010, 832/2015 og 208/2016, og ákveðið á grundvelli þeirrar heimildar að engin gatnagerðargjöld skuli greiddast af byggingum trúfélaga þegar lóðum hefur verið úthlutað til þeirra. Umrædd 9. gr. samþykktarinnar sækir stoð í 6. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006. Ákvæði 9. gr. samþykktarinnar hefur ekki að geyma tæmandi upptalningu þess húsnæðis sem getur fallið undir það og með vísan til þess, svo og með hliðsjón af ákvæðum stjórnarsýslulaga um jafnræði og meðalhóf og af ríkjandi sjónarmiðum um jafnrétti trúfélaga, hefur borgarráð Reykjavíkurborgar samþykkt að úthluta skráðum trúfélögum utan Þjóðkirkjunnar lóðum með sömu kjörum og Þjóðkirkjunni eru tryggð með lögum um Kristnisjód o.fl., þ.e. án greiðslu gatnagerðargjalds.


Ætla má að núgildandi ákvæði 5. gr. laga um Kristnisjód o.fl. nr. 35/1970 sé meginforsenda þess að Reykjavíkurborg hafi kosið að nýta lækkunarheimild 9. gr. samþykktar um gatnagerðargjald í Reykjavíkurborg með þessum hætti. Þessi rúma túlkun á ákvæði 5. gr. laga um Kristnisjód o.fl. hefur verið nokkuð umdeild og mikið verið rætt um hvort Reykjavíkurborg sé í raun skylt að undanskilja lóðir allra skráðra trúfélaga með þeim hætti sem gert hefur verið. Sérstaklega hafa komið upp álitafni varðandi framkvæmdafresti, en fyrir liggur að framkvæmdir eru ekki hafnar á þremur af þeim fjórum lóðum sem Reykjavíkurborg hefur úthlutað til trúfélaga á undanförunum árum. Ekki verður betur séð en að þessi rúma túlkun á ákvæðinu geti, í það minnsta í einhverjum tilvikum, leitt til þess að trúfélög sækist eftir því að fá úthlutaðri lóð án þess búið sé að tryggja fjármögnun fyrir framkvæmdum á lóðinni. Þetta getur leitt til þess að verðmætar lóðir geta staðið auðar árum


saman án þess að byggt sé á þeim.

Með lögum nr. 6/2013 var gerð breyting á lögum um skráð trúfélög nr. 108/1999. Með breytingunni var staða skráðra lífskoðunarfélaga og trúfélaga gerð sambærileg, sbr. 1. og 2. gr. laganna. Þessi breyting leiðir óhjákvæmilega til aukinna vandkvæða við túlkun á 5. gr. laga um Kristnisjóð o.fl., þar sem fleiri félög en áður gætu nú talið sig eiga rétt á lóðum á grundvelli fyrrgreindra lóðaúthlutanna til trúfélaga. Lífsskoðunarfélög hafa nú í auknum mæli óskað eftir að fá lóðum úthlutað hjá Reykjavíkurborg án greiðslu gatnagerðargjalda. Þessum beiðnum hefur þó til þessa verið hafnað af hálfu Reykjavíkurborgar.

Tekið er undir þau sjónarmið að orðalag núgildandi 5. gr. laga um Kristnisjóð o.fl. nr. 35/1970 sé óskýrt og túlkun þess sé vandkvæðum bundin. Eins og áður segir hefur Reykjavíkurborg valið þá leið að túlka ákvæðið með rúmum hætti og til samræmis við almenn jafnræðissjónarmið, þannig að það sé látið gilda um öll skráð trúfélög en ekki einungis kirkjur Þjóðkirkjunnar. Ef ákvæðið væri felld á brott úr lögum væri skylda sveitarfélaga til að undanskilja lóðir gatnagerðargjaldi sem úthlutað er til trúfélaga ekki lengur til staðar. Ef sú leið yrði valin að breyta orðalagi ákvæðisins í stað þess að fella það á brott, þ.e. með því að tilgreina kirkjur þjóðkirkjunnar sérstaklega, væri það til samræmis við 62. gr. stjórnarskrárinnar.

Virðingarfyllt


Magnús Ingi Erlingsson, lögfræðingur


Gunnar Már Jakobsson, lögfræðingur

***BORGARRÁÐ 24. maí 2018: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um
öryggisúttekt á skólalóðum - R18050221***

Lagt er til að gerð verði sérstök öryggisúttekt á þeim skólalóðum þar sem slys hafa átt sér stað á þessu ári. Þá er lagt til að í kjölfarið verði farið strax í úrbætur á þessum lóðum og þeim leiktækjum sem ógna öryggi barnanna.

Greinargerð fylgir tillögunni

BORGARRÁÐ 31. maí 2018: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um Skálafell - rekstur skíðasvæðis - R18050271

Lagt er til að kannaðir verði kostir þess að fá einkaaðila til samstarfs í því skyni að taka að sér uppbyggingu og rekstur skíðasvæðisins í Skálafelli. Markmiðið með slíku samstarfi yrði að bæta aðstæður fyrir skíðafólk á svæðinu og að flýta því að fjárfest verði í snjóframleiðslu og öðrum mannvirkjum þar. Umrædd athugun fari fram í fullu samráði og að fengnu samþykki skíðadeildar og aðalstjórnar KR þar sem m.a. verði kannað hvernig slík uppbygging á svæðinu verði sem best samræmd hlutverki þess í þágu skíðaæfinga og –keppni á vegum félagsins, sem og þjónustu við almenning. Velja skal einkaaðila til samstarfs að undangenginni auglýsingu og vönduðu valferli og fela honum rekstur í Skálafelli í ákveðinn tíma gegn skuldbindingu um skilgreinda uppbyggingu, t.d. skíðalyftur og búnað í þágu snjóframleiðslu auk annarrar þjónustu við notendur svæðisins. Slíkur samstarfsaðili myndi útfæra hugmyndir sínar og áætlanir í samstarfi við stjórn skíðasvæðanna. Þá væri umræddum aðila frjálst að eiga frumkvæði að frekari nýtingu svæðisins á heilsársgrundvelli, t.d. í þágu gönguferðar, hjólríða og annarrar útivistar sem hæfir fólkvanginum.

